

93

10. sept.

Félagsmönnum er skylt að fara vel með vatnsæðar og önnur mannvirki félagsins og skulu skemmdir á þeim varða sektum allt að 500 kr. auk skaða eftir almennum reglum.

27. gr.

Um tillögur til slita á félaginu fer eftir sömu reglum sem um breytingar á samþykkt þessari. Félaginu skal slíta samkvæmt ákvæðum 112. gr. vatnalaganna nr. 15, 20. júní 1923. Fundur sá, sem ákveður að slíta félaginu, kveður og á um, hvernig ráðstafa skuli eignum félagsins og borgun skulda. Jafnframt skal fara eftir fyrirmælum 113. gr. téðra laga eftir því sem við á.

Samþykkt þessi staðfestist hérmeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. september 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

94

10. sept.

G J A L D S K R Á

um vatnsskatt í Vatnsveitufélagi Selfoss.

1. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem standa á lóð, er liggur að vegi eða opnu svæði, þar sem vatnsæðar liggja, svo og öðrum húsum, er fá vatn leitt úr vatnsveitu félagsins, skal greiða vatnsskatt árlega er sé 5 — fimm — af þúsundi af fasteignamatsverði húsanna.

Auk þessa gjalds greiðir húseigandi 10 krónur árlega fyrir hvern vatnskranu utan húss. Þó skal vatnskranu í utanhúss þvottahúsi undanþeginn gjaldi þessu.

2. gr.

Skattur fyrir verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en venjulegra heimilsparfa, skal venjulega ákveðinn með samningi við félagsstjórnina. Náist ekki samkomulag um upphæð skattsins, skal almennur félagsfundur ákveða hann, þó þannig, að það sé í samræmi við gildandi vatnalög.

3. gr.

Húseigandi ábyrgist vatnsskatt. Heimilt er honum að hækka leigu sem skatti eða skattaaukningu svarar, þótt leigan hafi áður verið ákveðin.

4. gr.

94

Gjalddagi á vatnsskatti skal vera 1. nóv. ár hvert fyrir yfirstandandi almanaksár. Félagstjórnin getur samið um annan gjalddaga á vatnsskatti samkvæmt 2. gr. 10. sept.

5. gr.

Vatnsskatt má taka lögtaki og skal hann tryggður með lögveðrétti í hlutaðeigandi fasteign næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hverskonar sammingsveði og aðfararveði.

Gjaldskrá þessi staðfestist hérmeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. september 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

95

fyrir vatnsveitu Ólafsfjarðarkauptúns. 10. sept.

1. gr.

Hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps hefir einkaleyfi til umráða á vatnsveitu- fyrirtæki Ólafsfjarðarkauptúns á því svæði, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt. Vatnsveitusvæðið er Ólafsfjarðarkauptún.

2. gr.

Frá vatnsæðum þeim, sem nú eru eða lagðar verða um vatnsveitusvæðið, má enginn leggja neinar vatnsæðar, nema með leyfi hreppsnefndarinnar.

3. gr.

Hreppsnefndin hefir yfirumsjón með öllu því, sem lýtur að vatnsveitukerfinu, en heimilt skal henni að ráða sérstakan umsjónarmann, „Vatnsveitustjóra“, sem sjái um allar gamlar og nýjar vatnsæðar, breytingar og viðauka og eru allir skyldir til að snúa sér til hans um allt, er að slíku lýtur.

4. gr.

Hver sem vill fá vatn leitt í hús sitt, sæki um það til hreppsnefndar, og lætur hún þá leggja vatnsæðar frá aðalleiðslu heim að húsvegg þeirra. Þaðan kostar svo húseigandi leiðsluna, enda sé hún hans eign.